

Aðalfundur Prentsöguseturs, 21. apríl 2021.

Skýrsla stjórnar

Ágætu félagar.

Eins og þið sjálfsagt munið var aðalfundur Prentsöguseturs síðasta árs, 2020, haldinn talsvert of seint ef miðað er við ákvæði 8. greinar laga félagsins. Þar kemur fram að aðalfundur skuli haldinn fyrir 1. apríl ár hvert, en í fyrra var hann ekki haldinn fyrr en 4. júní. Allir vita ástæðuna; heimsfaraldur sem varð þess valdandi að samkomuhald var nánast bannað og stór hluti þeirra landsmanna sem ekki sýktust lifði í sjálfskipaðri sóttkví. Við hins vegar gripum tækifærið sem gafst um skeið síðasta sumar og héldum fundinn. Sem var eins gott, því sumarhléð var skammgóður vermir, þótt góður væri, og tálmanir á ferðir fólks og fundahöld voru settar á nýjan leik þegar leið að vetri og hafa að miklu leyti verið við lýði allar götur síðan, mismiklar að vísu. Nú er hins vegar aftur komin slökun og við nýtum hana til að halda þennan fund á því sem næst réttum tíma; fimm vikum of seint þó, sem hlýtur að fyrirgefast.

Á síðasta aðalfundi var annars vegar kjörin stjórn félagsins, samkvæmt venju. Formaður var kosinn Haukur Már Haraldsson, sem hér stendur, en aðrir í aðalstjórn voru kosnir Grímur Kolbeinsson, Hjörtur Guðnason, Tryggvi Þór Agnarsson og Þór Agnarsson. Í varastjórn voru kosin þau Bjarni Jónsson og Katrín Jónsdóttir – Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Hjörtur er varaformaður, Grímur ritari, Tryggvi Þór gjaldkeri og Þór meðstjórnandi.

Á aðalfundinum var einnig kosin í fyrsta sinn, samkvæmt nýrri lagagrein, framkvæmdastjórn Gömlu prentsmiðjunnar að Laugavegi 29B. Í hana voru kosin Ágúst Guðjónsson, Baldvin Heimisson, Haukur Már Haraldsson, Heimir Br. Jóhannsson, Katrín Jónsdóttir og Sófus Guðjónsson. Framkvæmdastjórninni var ætlað að halda utan um starfsemi í prentsmiðjunni. Hann Heimir Brynjúlfur Jóhannsson mun gera frekari grein fyrir starfseminni þar hér á eftir.

Starf stjórnarinnar hefur vissulega takmarkast mjög af sóttvarnarákvæðum. En þökk sé samskiptatækni og grímum og spritti og meðvitaðri varúð gátum við þó hist nokkuð oft, auk þess að vera mjög vel í sambandi með netpósti og skilaboðum og hringingum. Þannig að ég tel að samstarf stjórnarinnar hafi verið mjög gott. Talsverður tími fór í að afla styrkja til starfseminnar, ekki síst til að kosta sögusýningu í Gestahúsi í Skákholti, bæði til að standsetja húsnæðið þar eystra og eins til að hefja hönnun á sýningunni í húsnæðinu.

Ekki fékkst allt sem beðið var um, en þó fékk félagið mjög rausnarlegan styrk frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, eftir að fulltrúar okkar og Skálholtsstaðar höfðu fundað með Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra og hún hafði komið í skoðunarferð í Gömlu prentsmiðjuna ásamt starfsmönnum ráðuneytisins. Árangur þessa samstarfs var styrkur upp á 10.000.000 króna til frágangs á þeim hluta húsnæðisins í Skákholti sem Prentsögusetur skyldi standsetja samkvæmt samkomulagi við heimamenn. Ástæða er til að þakka sérstaklega fyrir þennan rausnarlega styrk, sem gerði það að verkum að hægt var að hefja framkvæmdir.

Einnig fékk félagið 400.000 króna styrk frá Samtökum sveitarfélaga á Suðurlandi til frumhönnunar á sýningunni í Skálholti. Hönnunin fer fram í samstarfi við Björn Georg Björnsson sýningahönnuð. Við stefnum að því að ljúka þessari frumhönnun nú í apríl.

Þá styrkti Seðlabanki Íslands okkur um 200.000 krónur, sem fara í daglegan rekstur; húsaleigu á Laugaveginum og gámaleigu.

Alþýðusamband Íslands styrkti sýninguna í Skálholti um 500.000 kr., úr Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar.

Fleiri umsóknir frá félaginu eru til meðferðar hjá að minnsta kosti tveimur aðilum og við höfum fengið höfnun frá einum.

Þannig að þótt pestin hafi vissulega hamlað starfi þá get ég fullyrt að árangurinn hefur verið nokkuð góður.

Í tengslum við hönnun og uppsetningu sýningarinnar í Skálholti hafa stjórnarmenn og hönnuðurinn fundað nokkuð með ráðamönnum þar eystra, bæði til að skoða aðstæður og þær breytingar sem þar eru að verða, en ekki síður til að ræða um skipulagið þegar hlutirnir verða komnir í gang þar eystra.

Skipulag húsnæðisins er þannig að sýning Prentsöguseturs tengist bókasýningu á vegum Skálholtsstaðar. Húsnæðið verður þannig skipulagt að gengið verður í gegnum sögusýningu okkar; fyrst í sal þar sem gerð er grein fyrir þróun setningar á Íslandi. Sýndar eru gamlar bækur úr safni staðarins, a.m.k. ein frá hverri prentsmiðju sem rekin var hér á landi frá því að fyrsta prentamiðjan var sett upp á Hólum í kringum 1530 til þess tíma er Landsprentsmiðjan var stofnuð 1844 og Ísafoldarprentsmiðja 1877. Þá verður einnig fjallað um prentsmiðju J. D. Quist í Kaupmannahöfn, sem Íslendingar þar í borg skiptu mikið við, t.d. Fjölnismenn. Einnig verða þar sýnd alls kyns verkfæri, munir og myndir sem tengjast þróun þessa hluta bókagerðar.

Úr setningunni er gengið í prentið, þar sem á sama hátt verða sýnd verkfæri, munir og myndir og gömul pressa.

Úr prentsalnum er gengið inn í sal bókbandsins, þar sem þróuninni verða gerð skil á sama hátt. Þar verða bókbandsstofunni á Innra-Hólmi (1807–1819) gerð sérstök skil.

Úr bókbandssýningunni verður svo gengið inn á bókasýningu/bókasafn, þar sem eru til sýningar bækur sem Skálholtsstaður keypti af Þorsteini Þorsteinssyni sýslumanni fyrir löngu en hafa legið undir skemmdum í turni Skálholtskirkju fram til þessa. Í safninu eiga að vera til bækur frá öllum þeim stöðum, þar sem prentsmiðjur voru starfræktar hér á landi fyrstu næstum þrjú hundruð árin.

Þannig er sýningunni í Gestahúsi Skálholts ætlað að sýna sögu og þróun prentverks og bókagerðar á Íslandi. – Hér ber að leggja á það áherslu að sýningin er ekki það Prentsögusetur sem við stefnum að, heldur eins konar útibú, sem byggir á þekkingu og munum sem Prentsögusetur hefur yfir að ráða.

Hér er einnig rétt að segja frá metnaðarfullu verkefni sem Grímur Kolbeinsson skipuleggur með Guðmundi Ág. Kristinssyni. Þeir munu taka vídeóviðtöl við gamla bókagerðarmenn og ræða við þá um starfið og þróunina í faginu. Þessi viðtöl eiga eftir að verða verðmæti þegar sagan verður skoðuð í framtíðinni.

Þetta er í raun það sem starf stjórnarinnar hefur snúist um þetta starfsár sem nú er að ljúka. Við ákváðum í vetrarbyrjun að hafa fasta stjórnarfundi kl. 11 að morgni annan fimmtudag í hverjum mánuði og það hefur verið gert. Sú regla hefur verið sett að fundargerðir stjórnarfunda hafa verið settar inn á heimasíðuna prentsögusetur.is, þannig að félagar geti fylgst með starfinu.

Fréttabréf var gefið út í október sl. og aftur nú í apríl. Hugmyndin er að gefa blaðið út a.m.k. tvisvar á ári til upplýsingagjafar fyrir félagsmenn. Vonandi tekst það.

Í lokin er ástæða til að þakka Svani Jóhannessyni fyrir einstakan dugnað við að fjölga félagsmönnum og afla félaginu styrkja.

Ég vil að lokum þakka félögum mínum í stjórninni fyrir sérlega gott samstarf undanfarið ár, það hefur verið gaman að vinna með þeim.